

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, hefur eftirfarandi verðið ákveðið:

1. Bifreiðastöðubann verður beggja vegna Holtavegar milli Langholtsvegar og Kleppsvegar.
2. Bifreiðastöðubann verður á Hamrahlíð að sunnanverðu.
3. Bifreiðastöðubann verður á Eiríksgötu að sunnanverðu frá Barónsstíg að Snorrabraut.
4. Einstefnuakstur verður á götu við Hlemm til norðurs frá Laugavegi að Hverfisgötu.
5. Biðskylda verður á Grjótagötu við Garðastræti.
6. Hámarkshraði á Kringlumýrarbraut verður 60 km m. v. klst. á kaflanum frá Miklubraut að mörkum lögsagnarumdæmis Reykjavíkur í Fossvogi.
7. Framúrakstur verður bannaður á Blesugrófarvegi frá Bústaðavegi að Reykjanesbraut.
8. Einstefnuakstur verður á Lynghaga til vesturs frá Suðurgötu að Ægisíðu og á Starhaga til austurs frá Ægisíðu að Suðurgötu. Bifreiðastöður á Starhaga og Lynghaga verða leyfðar norðan megin gatna.

Lögrelustjórinn í Reykjavík, 25. ágúst 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli frystrar rækju frá 1. ágúst til 31. október 1971.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll frystrar rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. ágúst til 31. október 1971.

Vélskelflett rækja:

1. 10 × 4 × 1 lbs. blokkfryst	£ 0.52 pr. lbs.
10 × 4 × 2 lbs. blokkfryst	- 0.52 — —
10 × 2 × 2 lbs. blokkfryst	- 0.52 — —
2. 24 × 1 lbs. blokkfryst	- 0.53 — —
3. 2 × 5 kg sérfryst	- 0.53 — —
4. 4 × 2 kg og 5 × 2 kg sérfryst	- 0.54 — —
5. 24 × 450 gr sérfryst	- 0.54 — —